

***BORGARRÁÐ 10. desember 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úrbætur á merkingum fyrir hreyfihamlaða á göngugötum***

Flokkur fólksins leggur til að borgarráð samþykki að beina því til mannréttinda- lýðræðis- og nýsköpunarráðs og aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks leggi áherslu á að sinna betur fötluðu fólki en gert hefur verið hingað til þegar kemur að aðgengismálum. Ganga þarf strax í að merkja með fullnægjandi hætti að handhafar stæðiskorta megi aka göngugötur og leggja í sérmerkt stæði. Nýlega sendi Öryrkjabandalag Íslands bréf til aðgengisnefndarinnar og fór þess á leita að bætt verði úr merkingum við göngugötur í miðbænum þannig að skýrt sé að handhafar stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða hafi rétt til að aka um umræddar götur. Fatlað fólk sem ekið hefur göngugötur eins og heimild í lögum kveður á um hafa orðið fyrir aðkasti frá vegfarendum. Merkingar eru ófullnægjandi. Hvergi er minnst á undanþáguheimild handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða sem þó væri sannarlega til staðar. Mannréttindaráð og aðgengisnefndin hafa sofið á verðinum þegar kemur að því að gæta hagsmuna fatlaðs fólks í aðgengismálum. Hjólastólaaðgengi er víða ábótavant og þurfa borgaryfirvöld að vinna þéttar með fyrirtækjum og verslunum að bæta úr því.

**Greinargerð:**

Fulltrúi Flokks fólksins sendi inn fyrirspurnir fyrir skemmstu til mannréttinda og lýðræðissskrifstofu um hvernig aðgengis- og samráðsnefndin hafi beitt sér fyrir því að skilti og merkingar í borginni sem sýna rétt handhafa stæðiskorta séu samkvæmt landslögum? Í svari segir að nefndin hafi sent ábendingar um merkingar P-stæða þar sem vitað hefur verið til að þeim sé ábótavant en það hafi aðeins átt við einstök svæði. Ekkert er minnst á í svari þann þátt sem snýr að skiltum og merkingum við göngugötur. Er verið að segja með þessu að nefndin hafi eingöngu sent inn ábendingar um merkingu sjálfra bílastæðanna á göngugötunum en ekki beitt sér neitt fyrir að skilti og merkingar við göngugötur séu samkvæmt lögum? Hér þarf að gera betrubætur svo um munar. Það er mat fulltrúa Flokks fólksins að nefndin hafi ekki staðið sig nógu vel í baráttu fatlaðra fyrir bætt aðgengi. Hér þarf Grettistak ef eitthvað á að gerast.